

Mál nr. 11/2015
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B.

**Maður skarst á framhandleggjum þegar rúða sem hann var að fjarlægja brotnaði þ.
27.8.2013.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.1.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-6 og bréf dags. 2.2.2015.
2. Bréf V dags. 26.1.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4 og bréf dags. 9.2.2014

Málsatvik.

M vann við að taka niður gler-millivegg. Fjarlægja þurfti rúður úr veggnum og voru notaðar sogskálar við verkið. Þegar M ætlaði að losa neðri hluta glersins úr falsinu brotnaði glerið og M skarst illa á framhandlegg. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V. M segist hafa fengið litla sem enga leiðsögn um framkvæmd verksins og ekki fengið hlífðarbúnað. M vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og viðeigandi reglugerða. Þá vísar M til þess að í umrætt sinn hafi honum og samstarfsmanni hans verið sagt að flýta sér að klára verkið, en það sé vítavert gáleysi miðað við eðli verksins. M vísar til 65. gr. ofangreindra laga varðandi áhættumót. V hafnar bótaskyldu og segir að M sé húsasmíðameistari sem hafi byrjað að vinna hjá B á miðju ári 2012, en unnið lengi við fag sitt. M hafi fengið fullnægjandi leiðbeiningar og framkvæmt sambærileg verk nokkrum sinnum áður en slysið varð. Þá segir V rangt að M hafi verið sagt að flýta sér við framkvæmd verksins og M hafi ekki staðið til boða viðeigandi persónuhlífar enda fái allir starfsmenn B vinnufatnað við hæfi. V telur að slysið M verði ekki rakið til atriða sem B ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsaðstæðum hafi verið ábótavant, skort á verkstjórn eða leiðbeiningar við framkvæmd verksins. Þá er ósannað að farið hafi verið fram á það við M og starfsfélaga hans að þeir flýttu sér sérstaklega með umrætt verk og viðeigandi persónuhlífar hafi ekki staðið M til boða við framkvæmd verksins. Ekkert er því fram komið sem sýnir fram á bótaskyldu B eða aðila sem B ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 10.2.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.